

Fundur 7.4.2025. Janet Moahed utan jarðar kona.

Góða kvöldið.

*Góða kvöldið.*

Hefur það gengið misjafnlega hjá okkur að komast í sambandið, en höfum við þó reynt að halda því við um langt skeið að hafa samband við ykkur.

Og hjá okkur gildir sú regla að fjölmennar ættir hafa náð völdum og tilheyri ég þeirri ætt, og er það einnig nokkurs konar embættistitill orðinn.

En er það furðulegt til þess að hugsa, hvernig ættirnar hafa þróast á jörðinni, og hvernig ættirnar hafa þróast í geimnum.

Og er nú ljóst að orkan er ekki nægileg til að fara út í mikið fræðsluerindi að þessu sinni hjá ykkur, en munum við taka upp þann þráð fljótlega eins fljótt og kostur er, og kenna ykkur að verða öflugri gegn helstefnu öflunum.

Og eru það skelfilegir sjúkdómarnir sem herja á jörðina ykkar og mannkynið nú um stundir, og hafa helstefnu öflin hert á þeim ofsóknum.

Og margir góðir hafa fallið í valinn, og munum við gjarnan kenna ykkur aukin kærleika og samstillingu.

Og það eina sem dugar gegn slíkum vágestum og helstefnu öflum, sem vilja sundra ykkur og minnka líforkuna sem ykkur er svo mikilvæg og lífsnauðsynleg.

Hefur bróðir minn talað til ykkar margsinnis, en tala ég nú og vil ég tengja ykkur enn frekar við Guðina í Valhöll, og margskonar Guði forna, Egypska, Gríska og aðra góða vætti sem geta magnað ykkur og læknað.

Og gert ykkur öflugri í að hjálpa öðrum og dreifa þessum mikilvæga sannleika og hjálpa stjórn mála ástandi landsins ykkar og þjóðanna kringum ykkur og stuðla að friði.

Vil ég áður en ég hætti, segja frá því að við erum lítil grein af stórum ættstofni sem hefur þróast á ýmsa lund og viljum gjarnan hjálpa ykkur að forðast þær ógnir sem sum okkar hafa lent í, vegna Jahves og annara.

En við munum koma inn á það síðar, betur, ég er að tala um gerfigreind og slíkt sem er að gerast á ykkar jörð og hefur það gerst fyrir marga okkar ættingja fyrir langa löngu og er það mikil saga.

En höfum við talað til ykkar áður, verð ég nú að hætta.

Moahed, Janet Moahed.

*Vertu velkomin, gott að heyra í þér, bróðir þinn hefur talað við okkur áður.*

Já já ég þakka fyrir, við munum halda áfram með þetta síðar, en mikilvægt að minna á þetta.

Verið þið nú sæl og óska ykkur allra heilla og takk fyrir gott hljóð, verið þið sæl.

*Við þökkum fyrir, vertu sæl.*